

Tilkynning vegna farmtjóns

Óskað er eftir að spurningum sé svarað eins ítarlega og hægt er, en það stuðlar að því að meðhöndlun málsins og tjónsuppgjör taki styttri tíma. Með tjónstilkynningunni þarf að senda öll gögn, sem máli geta skipt í sambandi við tjónið.

I. Grunnupplýsingar

Nafn váttryggingartaka _____ Kennitala _____

Heimilisfang _____ Póstnúmer _____ Staður _____

Heimasími / Farsími / Vinnusími _____ Netfang _____

II. Upplýsingar um flutningsaðila og farm

Nafn flutningsaðila _____ Sendingarnúmer _____

Tegund, magn og merki vörunnar _____

Staðsetning vörunnar/búslóðar _____

Hvaða dag var tekið við vörunni/búslóðinni? _____ Hvenær varð tjónsins vart? _____

Hefur tjónið verið tilkynnt flutningsaðila? Já Nei Var skráð athugasemd við móttöku vöru? Já Nei

Tilkynna ber farmflytjanda skriflega um tjónið innan þriggja daga frá móttöku vörunnar

III. Tjónslýsing

Tjónslýsing: Hvernig varð tjónið og í hverju liggur það? Lýstu nákvæmlega _____

IV. Aðrar upplýsingar

Neðangreind gögn þurfa að fylgja kröfu um tjónsbætur:

1. Þessi tjónstilkynning.
2. Afrit af vörureikningi yfir hina váttryggðu sendingu.
3. Afrit af farmskírteini eða fylgibréfi farmflytjanda.
4. Kvittaðir reikningar yfir útgjöld vegna tjónsins, ef einhver eru.
5. Afrit af bréfaskriftum við farmflytjandann.
6. Innihaldslisti.

Sérstök athygli er vakin á að ekki bætast tjón, sem stafa af ófullnægjandi umbúðum, töfum eða innra eðli vörunnar. Tjón sem farmflytjandi ber ábyrgð á bætast því aðeins að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar til að tryggja endurkröfurétt félagsins.

Váttryggður eða fulltrúi hans ber skylda til að gæta að eftirfarandi:

- a. Að gera þegar í stað kröfu á flutningsaðila, hafnaryfirvöld eða aðra umboðsaðila vegna sjálfstæðra eininga sem ekki koma fram við móttöku sendingar.
- b. Að biðja þegar í stað um skoðun tjónsins hjá farmflytjanda eða umboðsmanni hans.
- c. Að taka ekki við vörum sem eru í vafasömu ástandi, án þess að láta skrá athugasemd á afhendingarseðil um ástandið.
- d. Að gera flutningsaðila eða umboðsmann hans skriflega ábyrgan fyrir tjóni sem ekki varð vart við móttöku vörunnar innan þriggja daga frá því að varan var tekin úr vörslu hans.

Greiðslur óskast lagðar inn á bankareikning nr. _____ — _____ — _____

V. Eigin yfirlýsing og undirskrift

Ég, undirritaður(uð), votta hér með að svör mín við framangreindum spurningum eru samkvæmt minni bestu vitund rétt og sannleikanum samkvæmt og þar er ekki leynt atriðum sem kynnu að skipta máli við ákvörðun félagsins um bótaskyldu og bótafjárhæð.

Staður og dagsetning

Undirskrift

Öll tjón sem tilkynnt eru til félagsins eru skráð í tjónagrunn. Nánari upplýsingar um tjónagrunninn má finna í almennum skilmálum félagsins nr. AS-1 og á heimasíðu félagsins.